



Dagsetning: 17. október 2023
Málsnúmer: 2310108/8.6

Íþróttta- og tómstundanefndar

MINNISBLAÐ

Við gerð launaáætlun árið 2022 vegna áætlunar 2023 var það krafa bæjarráðs að hafa íþróttahús án starfsmanns frá Fjarðabyggð og notendur tækju ábyrgð á húsinu meðan það væri í notkun.

Einnig samþykkti bæjarráð að notendur líkamsrækta Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Norðfjarðar gætu nýtt sér aðstöðuna utan hefðbundins opnunartíma en til þess þyrfti sérstakan búnað til að veita notendum aðgengi með rafrænum hætti (sjá málsnúmer 2305103).

Til þess að notendur geti nýtt sér húsakynni Fjarðabyggðar hvort sem það er í formi íþróttta í íþróttahúsum eða líkamsrækt í líkamsræktarstöðvum þurfa notendur að skrifa undir samkomulag að þeir séu á eigin ábyrgð og bera fulla ábyrgð á húsakynnum og búnaði meðan notkun stendur.

Deildarstjóri íþróttamála hafði samband við lögmannstofuna Sókn í Múlaþingi til þess að skrifa upp reglur og samkomulag fyrir notkun íþróttahúsa og líkamsrækta án viðveru starfsmanns og leggur þær fyrir nefndir til samþykktar.

Skjölin eru þrenn talsins:

Reglur líkamsræktarstöðva án viðveru starfsmanns.

Samkomulag um reglur líkamsræktarstöðva án viðveru starfsmanns.

Samkomulag íþróttahús án viðveru starfsmanns.

Magnús Árni Gunnarsson

Deildarstjóri

